

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 356

júní 2026



Júní 2026. Blað nr. 356
THE LION IN ICELANDIC
Fjöllumdæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is


Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



Fjöllumdæmisstjórn:



Anna F. Blöndal, fjöllumdæmisstjóri. Anna er félagi í Lionsklúbbnum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: annabl@simnet.is



Thelma Rós Kristinsdóttir, umdæmisstjóri í 109A. Thelma Rós er félagi í Lionsklúbbnum Eden og er með tölvupóstfangið thelmaros81@gmail.com



Adalsteinn Hallgrímsson, umdæmisstjóri 109B. Adalsteinn er félagi í Lionsklúbbnum Vitaðsgjafi. Netfang Adalsteins er er hallgrimssona@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2025 – 2026

Fjöllumdæmisstjóri: Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

Umdæmisstjóri 109A: Thelma Rós Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Umdæmisstjóri 109B: Adalsteinn Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Fjöllumdæmisritari: Viðir Guðmundsson, Lkl. Garður

Fjöllumdæmisgjaldkeri: Stefán Arnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri: Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Vara fjöllumdæmisstjóri: Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Protokol- og þingstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Laufey Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Umhverfisstjóri: Dagný Finnsdóttir, Lkl. Úa

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrusson, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir, Lkl. Iceland.is

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

GMT stjóri (félagamál): Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

GST stjóri: (verkefni) Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer

Tómasson, Lkl. Geysir

NSR-OC nefndarmaður: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Heilbrigðisstjóri: PID Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

IPID – fyrrverandi alþjóða-

stjórnarmaður 2023-2025: Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn

Heiðursjóður Guðrúnar

Bjartar(formaður): Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Laganeftnd (form.): Eldjárn

Árnason, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarsson,

Lkl. Fjörgyn

Formaður Kjaransorðunefndar. Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.

Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumdæmisstjóri 109A: Einar

Hilmarrson, Lkl. Laugdæla

Varaumdæmisstjóri 109B: Sigríður

Fríðriksdóttir, Lkl. Hraerek

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A:

Björgvin G. Sigurðsson, Lkl. Dynkur

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2025 – 2026:

Alþjóðaforseti A.P. Singh, India;

Fyrrverandi alþjóðaforseti Fabricio

Oliveira, Brazil;

Vara alþjóðaforseti, Mark S. Lyon,

United States;

Annar vara alþjóðaforseti Dr. Manoj

Shah, Kenya.

Þriðji vara alþjóðaforseti Tony Benbow,

Australia.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Raj Kumar Agarwal, India;

Guy-Bernard Brami, France;

Dr. Karl Brewi, Austria;

Debbie Cantrell, USA;

Chris Carlone, USA;

Luis Augusto David Caro Chong, Peru;

Dato' Yeow Wah Chin, Malaysia;

Lorena Hus, Slovenia; Ea-Up Kim,

Republic of Korea;

S. Magesh, India;

Robert "Ski" Marcinkowski, USA;

Pankaj Mehta, India;

Bert Nelson, USA;

Ramesh C. Prajapati, India;

Princess Bridget Adetope Tychus,

Nigeria;

Graeme John Wilson, New Zealand;

David Wineman, USA;

Dong Zhao, China.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Subhash Babu, India;

Nadine Bushell, Trinidad;

Soon-Tak Choi, Republic of Korea;

Liz Crooke, USA;

Debbie Dawson, Canada;

Celina Guimaraes, Brazil;

Nazmul Haque, Bangladesh;

Kuo-Yung Hsu, China Taiwan;

Dr. Mark Mansell, USA;

Drazen Melcic, Croatia;

Ryozo Nishina, Japan;

Niels Schneckner, Romania;

Gary Steele, USA;

Tomoyuki Tanabu, Japan;

Hroar Thorsen, Norway;

Melissa Washburn, USA;

David W. Wentworth, USA.

Upplag: 1000 eintök þegar prentað er. –

Pökkun og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Þing 2026 að Laugarvatni

– Ljósmyndari: Kristófer Tómasson

Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er sjötta og síðasta tölublað þessa starfsárs komið út og er það prentað ásamt því að koma út á rafrænu formi.

Það er oft þannig að margir vilja skrifa greinar í prentuðu blöðin og er engin undantekning á því nú. Það kennir ýmissa grasa í þessu blaði sem endranær þegar klúbbar eru í öða önn að gera upp starfsárið sem og yfirstjórnin okkar. Ég ætla að benda sérstaklega á greinar fjöllumdæmisstjóra að þessu sinni bæði grein hennar um starfið í vetur sem og umfjöllun frá henni um risaaxíð verkefni okkar í sumar sem er að hýsa ON sem er ungliðahljómsveit en heitir Orkester Norden. Þessi hljómsveit mun hafa bækistöðvar á Akureyri í sumar við æfingar ásamt þjálfurum. Tvönnir tónleikar verða svo í júlí aðrir í Hofi á Akureyri 25. júlí og hinir í Eldborgarsal Hörpu 27. júlí og hefjast báðir þessir tónleikar klukkan 19:30. Ég hvet alla klúbba til að styrkja þetta verkefni bæði með fjárframlögum og svo félaga og fjölskyldur þeirra til að mæta á tónleikann.

Ég þakka öllum þeim sem gáfu sér tíma til að senda grein í blaðið. Eins þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfum þessa blads fyrir þeirra framlag.

Vinsamlegast sendið greinar á netfang okkar ásamt myndum.

Netfang Lionsbladsins er: lionsbladid@lions.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 27. ágúst

Við lögðum lið saman

Pistill Alþjóðaforseta



Kæri lionsfélagi,
Á þessu ári höfum við orðið vitni að þeim miklu áhrifum sem Lions- og Leo-félagar hafa haft í samfélögum um allan heim. Með leiðtogahlutverki ykkar og þjónustu hafa raunverulegar þarfir verið uppfylltar, lífi fólks breyst og samfélög styrkst. Skuldbinding ykkar hefur verið drifkrafturinn að baki þessum árangri og breytt samkennd í raunverulegar aðgerðir þar sem mest þörf er á.

Þegar lionsárið er að liða undir lok hægja þessi áhrif ekki á sér — þau halda áfram. MISSION 1.5 minnr okkur á að enn eru fleiri sem við getum náð til og fleiri tækifæri til vaxtar. Með því að efla félagsmannafjöldann aukum við möguleikana til þjónustu og tryggjum að áhrif okkar haldi áfram að vaxa langt inn í framtíðina.

Þessi áframhaldandi áhrif eru þess virði að viðurkenna. Gefið ykkur tíma til að fagna því

sem þið og félagar ykkar í Lions hafið áorkað og þeim mun sem þið hafið gert. Viðurkenning heiðrar ekki aðeins framlag ykkar heldur hvetur einnig til áframhaldandi þjónustu. Á meðan þið haldið áfram með þennan kraft, skipuleggið næstu skref með því að undirbúa framtíðar-leiðtoga og styrkja áætlanir um arftaka — þannig tryggjum við að klúbburinn ykkar og markmið okkar blómstri áfram.

Takk fyrir leiðtogahlutverk ykkar, þjónustu og skuldbindingu við að gera gæfumun.

Saman þjónum við,

A.P. Singh, alþjóðaforseti Lions

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Umdæmisstjóri 109A

Thelma Rós Kristinsdóttir,

Umdæmisstjóri 109 A



Kæru lionsfélagar.
Nú þegar starfsárinu fer senn að ljúka finn ég fyrir miklu þakklæti. Það er erfitt að trúá því að heilt ár sé liðið síðan ég tók við embætti umdæmisstjóra 109A. Árið hefur liðið á ótrúlegum hraða, en á sama tíma verið fullt af reynslu, lærdómi, vináttu og ógleymanlegum augnablikum.

Ég vil byrja á að þakka hverjum og einum lionsfélagar fyrir þær einstöku viðtökur sem ég

hef fengið á ferðum mínum um umdæmið. Það hefur verið forréttindi að heimsækja klúbba víðs vegar um landið, kynnast ykkar starfi og finna þann kraft, hlýju og þjónustuvilja sem býr í Lionshreyfingunni. Þið hafið tekið á móti mér af hlýju og vinsemd hvert sem ég hef komið, og fyrir það verð ég ævinlega þakklát.

Á starfsárinu höfum við einnig fengið að fagna merkilegum áfanga með stofnun nýs Lionsklúbbs. Slíkir viðburðir gerast ekki á hverju ári og minna okkur á að Lionshreyfingin heldur áfram að vaxa, þróast og laða að sér nýtt fólk sem vill leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Ég óska Lionsklúbbum Eldey innilega til hamingju og hlakka til að fylgjast með starfi klúbbsins á komandi árum.

Umdæmisþingið okkar á Laugarvatni var sannkölluð hátíð Lions andans. Ég vil færa öllum þeim sem komu að skipulagningu og framkvæmd þingsins innilegar þakkir. Það er mikil vinna sem liggur að baki slíkum viðburði og ég er afar þakklát fyrir þann metnað og dugnað sem þar kom fram. Þingið var bæði fræðandi, skemmtilegt og gefandi, og enn ein staðfesting á því hversu öflug lionsfjölskyldan okkar er.

Sérstakar þakkir vil ég færa samstarfsfólki mínu í umdæmisstjórn. Enginn umdæmisstjóri

stendur einn. Á bak við hvert verkefni, hverja ákvörðun og hvern árangur er hópur fólks sem gefur af tíma sínum og krafti til að láta hlutina ganga upp. Það hefur verið mér ómetanlegt að njóta stuðnings ykkar, góðra ráða, vináttu og samstarfs á þessu ári. Ég hefði ekki getað óskað mér betri hóps með mér í þessu ferðalagi.

Ég vil jafnframt óska öllum nýkjörnum embættismönnum innilega til hamingju með kjörið. Fram undan eru spennandi verkefni, ný tækifæri og dýrmæt reynsla. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar í störfum ykkar og er sannfærð um að þið munið leiða Lionshreyfinguna áfram af metnaði, kærleika og þjónustulund.

Þegar ég lít til baka stendur þó eitt upp úr umfram allt annað: fólkið. Vináttan sem myndast hefur, samverustundirnar, hláturinn, samtölin og sameiginlegur viljinn til að gera gott. Það er hjartað í lionsstarfinu og ástæðan fyrir því að svo margir helga hreyfingunni tíma sinn ár eftir ár.

Takk fyrir að treysta mér fyrir þessu mikilvæga embætti. Takk fyrir stuðninginn, hvatninguna, þolinmæðina og gleðina sem þið hafið veitt mér á þessu starfsári. Það hefur verið mér mikill heiður að gegna embætti umdæmisstjóri 109A.

Fjölumdæmisstjóri

Anna Fr. Blöndal,

fjölumdæmisstjóri 2025-2026



Lionshátíðin á Laugarvatni – hátíðlegur og skreyttur fánum flestra þeirra klúbba sem áttu fulltrúa á þinginu. Á næsta ári bætist við a.m.k. einn nýr við, en kannski fimm.

Kæru lionsfélagar

Ég vil byrja á því að þakka öllum sem komu að skipulagningu og framkvæmd Lionsþings 2026 að Laugarvatni. Takk fyrir frábært þing. Ég þakka þingnefndinni ásamt þing og protocolstjóra fyrir margra mánaða vinnu við undirbúning, fundi, skráningar og utanumhald til að allt gengi snurðulaust fyrir sig. Vinnu sem síðustu dagana fyrir þing voru langir vinnudagar og engin helgarfrí. Ég þakka þinghöldurum, Uppsveitaklúbbum Lions í Árnassýslu, fyrir frábæra umgjörð þingsins, hún var eins og best verður á kosið. Þar var hverri ósk og hugmyndum tekið ljúflega og svarið jafnan „við reddum því“. Ég þakka GAT/GET teyminum og stjórum einstakra verkþátta fyrir endalaus þolinmæði og frábæra vinnu við kynningarefni fyrir „verkefnið okkar“ sem á köflum hefur verið ótrúleg heimtufrekja af minni hálfu að biðja um – takk kæru félagar að taka þessi verkefni að ykkur. Án ykkar hefði þingið verið talsvert litlaust.

Viðbrögð þinggesta voru einstaklega ánægjuleg og mjög margir lionsfélagar og gestir hafa lýst ánægju sinni með þingið, dagskrána og þá viðburði sem boðið var uppá. Mats-Áke gesturinn okkar frá Svíþjóð lýsti því t.d. yfir að hann hefði aldrei verið á skemmtilegra þingi frétti ég á skotspónum. Gesturinn okkar úr Alþjóðastjórn Lorena Hus lýsti hrifningu sinni á skipulagningu og hvernig við framkvæmum okkar þing, létt og án tildurs eða tilfæringa. Hún hafði á orði í bílferðinni til Reykjavíkur eftir þingið að þetta með diskana í kvöldverðinum hefði einmitt verið í anda Lions – að allir hjálpist að og taki þátt. Ég hef lofað að senda henni smá greinargerð um skipulagningu, framkvæmd og markmið þingsins. Þessi viðbrögð gestanna okkar segja mér að við höfum tekið vel á móti þeim og þeim fundist þau velkomin. Hrósið er ykkar Lionsfélagar.



Skrúðganga.



Happdrætti.



Kátir karlar.

Þegar horft er til baka yfir árið er margt sem við getum verið stolt af. Verkefnið verið fjölmörg og þið lionsfélagar ekki setið auðum höndum hvort sem um er að ræða verkefni klúbba eða sameiginleg verkefni Lions á Íslandi.

Umhverfismál eru t.d. stækkandi verkefni og ef við nýtum þau tækifæri sem viljayfirlýsing um samstarf við Land og skóg, sem undirrituð var á þinginu, gefur okkur gætum við verið komin með í hendurnar frábær fjölskyldu verkefni sem ungir sem aldnir geta tekið þátt í. Eitt af því sem gæti fylgt er „Land í fóstur“ sem kynnt var á fundinum á Hamri, þar sem klúbbar eða fjölskyldur Lionsfélaga gætu tekið að sér reit til að planta í og hugsa um.



Það verður einnig forvitnilegt og spennandi að sjá hvernig Magnúsi Orra miðar með heimildarmyndina um Special Olympic en hann hefur lofað að leyfa okkur að fylgjast með framvindunni. Væntanlega verða einhverjir

klúbbar sem eru með íþróttir fatlaðra í sínum verkefnum sýnilegir. Lionsklúbburinn Ásbjörn gerði vel að gefa myndavélina sem sem hann þurfti fyrir verkefnið.

Sameiginleg verkefni eins og félagamál hreyfingarinnar eru eitt af því sem snertir okkur öll og ánægjulegt að segja frá því að þegar þetta er skrifað erum við í plús í báðum umdæmum. Ég vona að það haldist til 1. Júlí. Ýmislegt bendir til þess að við getum etv. snúið vörn í sókn í þeim efnum t.d. sú staðreynd að umdæmisstjórnarnir eru sammála um að góður andi ríki í langflestum klúbbum og augljóst að félagar séu að leggja sig fram um að styrkja starfið og fjölga félögum. 108 nýir félagar gengu í Lions það sem af er ári þannig að þarna úti eru vinir okkar og kunningjar sem vilja ganga til liðs við okkur. Tilraunaverkefnið okkar um 10 félaga klúbba og stofnun nýs klúbbs eykur bjartsýni ásamt nýjum félögum í núverandi klúbbum.

Fræðslumálin eru líka mikilvægur þáttur í Lions. Leiðtogaskólinn var færður út fyrir Höfuðborgarsvæðið og haldinn á Akureyri. Tuttugu og tveir sóttu skólann og ánægjulegt til þess að vita „þá var ekki Bessastaða leiðin löng“ og þáttakendur af Suðurlandi, Suðvesturhorninu, Vesturlandi og Vestfjörðum auk Norðlendinga vestur og austur. Mikil ánægja var meðal þátttakenda bæði með kennslu og námsefni.

Nú þegar líður að lokum starfsársins er mér efst í huga þakklæti. Þakklæti fyrir að hafa fengið að gegna starfi fjölumdæmisstjóra í



Lionsklúbburinn Eldey – Sandgerði.



Átta nýir félagar í Lionsklúbbi Búðardals.

ykkar umboði. Með hverju verkefni eða embætti sem maður tekur að sér fræðist maður meira um Lionshreyfinguna ekki bara á heimavelli heldur líka út fyrir landsteinana. Í þessu embætti eru erlend samskipti meðal annars verkefnið. Ég beini því til Lionsfélaga almennt að velta fyrir sér að bjóða sig fram í embætti fyrir Lionshreyfinguna utan eigin klúbbs.


Hver dagur færir okkur fangið fullt að tækifærum – við þurfum bara að grípa þau.



Gleraugu.



Málþing - Andleg heilsa og vellíðan.



Dömbindi.



Ólafur Tryggvi Gíslason

Ég á mína bestu vini í Lions, þeir kalla mig Baylis drottninguna, en hvað er að því?

Lions þingið síðustu helgi var fróðlegt og skemmtilegt, er það ekki það sem Lions gengur út á?

Við hjónin vorum að koma heim eftir kvöldstund með yndislegum lionshjónum utan að landi, en við skelltum okkur á Færeyskan skemmtikraft með Finniskum undirtón. Það var ekki mikið hlegið á uppistandinu, en við nutum samverunnar. En lífið er svolítið þannig, það er ekki alltaf skemmtilegt, en ef þú ert umvafin skemmtilegu, glaðlegu og góðu fólki þá er hægt að gleðjast yfir öllu.

Það eru spennandi tímar framundan, það er svo gott fyrir andlega

heilsu að eiga góða Lions féлага og vini sem eru tilbúnir að gefa eitthvað af sínum tíma til að hjálpa fólki í vanda eða neyð. Höldum áfram að gera gott starf í Lions, við bætum okkur sjálf á meðan við hjálpum öðrum.

Af hverju eru ekki allir í Lions?

*Ólafur Tryggvi Gíslason
Lionsklúbbum Ásbirni.
Lionsfélagi í 19 ár*



LCIF

Nýjar tölvur fyrir nemendur í Gvatemala Eftir Shelby Washington



Í sífellt tæknivæddari samfélagi nútímans er tölvulæsi nauðsynlegt bæði fyrir persónulegan og faglegan árangur. Hins vegar er aðgengi að tölvum og stafrænum kennslutækjum víða um heim mikil áskorun.

Samvinnugrunnskólinn (IEBC) í Mataquesuintla, Jalapa í Gvatemala stóð frammi fyrir verulegum skorti á tækniþúnaði. Tölvuver skólans hafði aðeins sjö notaðar tölvur til að þjóna um 300 nemendum, sem takmarkaði verulega möguleika á stafrænu námi.

Þrátt fyrir að starfsfólk gerði sitt besta til að viðhalda tölvunum, þá hnignaði vélþúnaðurinn við stöðuga notkun nemenda og hugþúnaðurinn varð úreltur.

Lionsklúbbar í umdæmi D-3 sáu þörfina fyrir nýjar tölvur í IEBC og brugðust við. Með styrk upp á 4.869 Bandaríkjadali úr District and Club Community Impact Grant (DCG) frá Lions Clubs International Foundation (LCIF) keyptu Lions 17 nýjar tölvur og gáfu þær skólanum, ásamt 17 skrifborðum og stólum til að skapa sérstakar vinnustöðvar fyrir hvern og einn. Þúnaðurinn var afhentur við sérstaka athöfn þar sem nemendur, kennarar og lionsfélagar tóku þátt.

Endurnýjaða tölvuverið hefur þegar haft ótrúleg áhrif á nemendur og skólann. Kennsla á öllum skólastigum hefur batnað verulega og skráning nemenda hefur aukist fyrir næsta skólaár.

Foreldrar, nemendur og starfsfólk hafa lýst þakklæti sínu. Skólastjóri, Aleida Azucena Del Cid Valenzuela, sagði: „Þessi þúnaður var mjög nauðsynlegur til að bæta gæði menntunar nemendanna og ég er afar þakklát fyrir að hafa fengið hann. Ég mun gera allt sem ég get til að tryggja að starfsfólk og nemendur hugsi vel um hann.“

Kynntu þér hvernig þitt samfélag getur nýtt sér LCIF District and Club Community Impact Grant (DCG) til að auka aðgengi að verðmætri menntun á lionsclubs.org/DCG.

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Kveðja frá umdæmisstjóra Lionsumdæmis 109 B

Aðalsteinn Hallgrímsson,

Umdæmisstjóri 109 B



Nú þegar starfsárið er að líða undir lok lýkur jafnframt mínum tíma sem umdæmisstjóri. Þessi þrjú ár, fyrst sem 2. vara, síðan 1. vara og svo á þessu ári sem umdæmisstjóri hafa liðið ótrúlega hratt og þegar ég lít til baka fyllist ég fyrst og fremst þakklæti. Á þessum tíma hef ég fengið einstakt tækifæri til að ferðast og heimsækja staði sem ég hefði að öllum líkindum aldrei annars komið á. Í starfi mínu hef ég einnig kynnst ótal góðu lionsfólki. Sú reynsla hefur verið bæði gefandi, lærdómsrík og eftirminnileg.

Á Umdæmisþinginu í Ólafsvík vorið 2025 var mér sýnt það traust að vera kjörinn umdæmisstjóri. Í ávarpi mínu, setti ég fram ákveðin markmið. Sum þeirra hafa náðst að

fullu, önnur að hluta, eins og gjarnan gerist í lífinu og starfinu. Það sem mestu máli skiptir er að við höfum unnið saman af heilindum og metnaði að framgangi Lionshreyfingarinnar. Eitt af meginmarkmiðum mínum var að efla félagatölu umdæmisins. Nú stefnir í að við ljúkum starfsárinu með fleiri félaga en við höfðum í upphafi þess, sem er afar ánægjuleg niðurstaða.

Í heimsóknum mínum til lionsklúbba lagði ég ríka áherslu á mikilvægi nýliðunar, markvissrar stefnumótunar í félagamálum og þess að félagar taki að sér ábyrgðarhlutverk innan klúbba og hreyfingarinnar. Jafnframt hvatti ég lionsfélaga til að sækja námskeið og embættisskóla til að styrkja starf sitt enn frekar. Það sem stendur þó upp úr í minningunni er sú kraftmikla starfsemi sem ég varð vitni að. Fjölmargir klúbbar standa fyrir umfangsmiklum fjáröflunum og samfélagsverkefnum sem krefjast mikillar vinnu, skipulagningar og fórnfýsi. Með þessu starfi skapa þeir jafnframt afar jákvæða ímynd Lions í sínu nærumhverfi. Í heimsóknum mínum fann ég fyrir miklum metnaði til að leggja vinnu og fjármuni til samfélagsins sem þeir starfa í og einnig styrkja klúbbarinnir Alþjóðahjálparsjóðinn myndarlega.

Lionsþing og Umdæmisþing A og B voru haldin á Laugarvatni dagana 29. og 30. maí. Lionsklúbbarinn Geysir, Dynkur, Laugardals og Skjaldbreið stóðu að þinghaldinu, vil ég færa öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd, mínar innilegustu þakkir.

Skipulag, framkvæmd og aðstaða var til fyrirmyndar og sýndi enn á ný hvað lionsfólk getur áorkað þegar það vinnur saman.

Starf umdæmisstjóra hefur verið bæði gefandi og þroskandi. Ég hef kynnst fjölda frábærra einstaklinga víðs vegar um landið. Á köflum hefur það fært mig út fyrir þægindarannann, en einmitt þar felast oft mestu tækifærin til þroska og lærdóms. Þótt ég telji mig kominn af léttasta skeiði hef ég lært ótrúlega margt á þessum árum. Ég vil því hvetja lionsfélaga sem ekki hafa enn tekið að sér embætti til að íhuga þann möguleika.

Að lokum vil ég færa öllum lionsfélögum innilegar þakkir fyrir samstarfið, stuðninginn og vináttuna sem ég hef notið á þessum árum. Svæðisstjórar og allir sem voru í umdæmisstjórn fá miklar þakkir fyrir þeirra störf. Sérstakar þakkir færi ég Önnu Blöndal fjöllumdæmisstjóra og Thelmu Rós Kristinsdóttur, umdæmisstjóra 109 A. Samskipti okkar hafa alla tíð einkennst af gagnkvæmri virðingu, trausti og góðum samstarfsanda. Þessi ár hafa verið einstaklega ánægjuleg og vonandi hef ég getað látið eitthvað gott af mér leiða.

Takk kærlega fyrir mig.

Góð samskipti – góður árangur

Nýir lionsfélagar

Lionsklúbburinn Úa
 Áslaug Pétursdóttir
 Erla Jóna Steingrimsdóttir
 Sigurlína Jóhannsdóttir

Vara fjölumdæmisstjóri

Ég er virkilega þakklátur og auðmjúkur fyrir þá viðurkenningu sem ég hlaut er ég fékk Leiðtoga orðuna á nýliðnu Lionsþingi. Fyrir mér er þetta mikill heiður og hvatning til að halda áfram með þau verkefni sem ég hef verið að sinna og hefur sú vinna veitt mér gleði og mikla ánægju.

Ég vil einnig þakka það traust sem mér var sýnt þegar ég var kosinn vara fjölumdæmisstjóri á Lionsþinginu á Laugarvatni.

Verkefnin framundan eru fjölmörg og spennandi. Nú er tími til að bretta upp ermar, brosa og kynna hreyfinguna okkar af krafti.

Markaðssetning og sýnileiki verða í forgrunni í vinnunni í vetur. Við verðum að segja frá öllum þeim góðu verkefnum sem við tökum að okkur því það skilar sér, hvort sem það er í auknum framlögum eða nýjum félögum. Því fleiri sem við verðum, því meira getum við gefið til góðra málefna.

Ég er bjartsýnn að eðlisfari og vonast til að við náum að **stofna tvo nýja klúbba í umdæminu á þessu starfsári**. Ég er líka raunsær; þetta verður vinna margra til þess að þetta gangi upp.

Fjölumdæmið mun vinna að undirbúningi sölu rauðrar fjaðrar 2028. Mun vinnan hefjast strax í haust og hún krefst skipulags og elju og mun vel heppnað Rauðu fjaðrar verkefni hafa jákvæð áhrif á ímynd Lions. Það er skemmst að minnast sölu Rauðrar fjaðrar árið 2025 þegar Þíetasamtökin voru styrkt til að fara í framhaldsskóla landsins með fræðslu og forvarnir gegn sjálfsvígum.

Komandi starfsár verður krefjandi, lærdómsríkt og skemmtilegt. Ég hlakka til að vinna áfram með þeim frábæru lionsfélögum sem ég hef kynnst og haft ánægju af að vinna með. Allir sem hoppa um borð í lionsvagninn í vetur og taka þátt í verkefninu að lyfta Lions á Íslandi upp munu leggja lóð á vogarskálarnar og hjálpa okkur að takast á við breytta tíma.

Látum verkin tala, grípum tækifærin, kynnum okkur og stækjum til að geta lagt lið.

Ég þakka kærlega fyrir velheppnað og vel skipulagt Lionsþing á Laugarvatni og þinghaldarar eiga hrós skilið.

Á þinginu kenndi ég í gjaldkeraskólanum ásamt Stefáni Árnasyni en það var lokakafli til að hljóta FDI réttindin og hef ég því nú hlotið réttindi til að kenna í lionsskólum innanlands.

Ég hlakka til komandi árs og bið í ofvæni eftir því að byrja á þeim verkefnum sem bíða. Með vinsemd og þakklæti.

Sumarliði Ásgeirsson

Dánarfregnir



Minningargreinar um látna féлага eru birtar á heimasíðu Lions ([lions.is](https://www.lions.is)) undir flípanum „Minningar“ - „Minningargreinar“. Hér er slóðin: <https://www.lions.is/is/minningarkort/minningargreinar>

Látnir félagar:

*Dórunn Árnadóttir
Lionsklúbburinn Eik*



Orkester Norden á Íslandi 2026

Anna Fr. Blöndal,

fjölumdæmisstjóri 2025-2026



Orkester Norden á Íslandi 2026 hefur verið í undirbúningi í eitt og hált ár. Þetta er stærsta verkefni sem Lions á Íslandi hefur tekið sér fyrir hendur og mun einungis gera það í þetta eina sinn. Orkester Norden æfingabúðir og tónleikar verða á Akureyri 16. – 24. Júlí og tónleikar í Hamraborg í Hofi þann 25. Júlí 2026 og hefjast klukkan 16:00. Einnig verða verða tónleikar í Eldborg í Hörpu 27. Júlí og hefjast kl.19:30.

Eins og fyrr hefur verið sagt myndum ekki senda reikning á klúbbana eða félagana. Við óskuðum hins vegar eftir því að klúbbar og lionsfélagar styrktu verkefnið ef mögulegt væri. En fyrst og fremst er markiðið að við og þið – Lionsfélagar – mætið á tónleikana annan hvorn eða báða og bjóðum vinum og vandamönnum með okkur. **Það skiptir miklu máli fyrir tónlistarmennina spila fyrir marga áheyrendur í sal svo við hvetjum ykkur sannarlega til að mæta.** Með allan klúbbinn og fylgifiska.

Það hefur einnig verið útskýrt að við erum ekki með miðasölu í gegnum Tix eða önnur kerfi, þar sem það kostar mikið og eftirtekjan fyrir verkefnið lítill nema tónleikarnir væru

haldnir fyrir fullu húsi. Við höfum hins vegar gefið upp málamynda miðaverð uppá kr.3.500,- sem viðmiðunartölu fyrir Lionsfélaga sem vilja styrkja verkefnið. Það verða afhentir „miðar“ til klúbba, lionsfélaga og styrktaraðila utan hreyfinarinnar. Sem er meira táknræn minning um þetta verkefni en aðgöngumiði. **Sami „miðinn“ gildir á báða tónleikana og gesti Lionsfélaga.**

Nú þegar hafa nokkrir klúbbar styrkt verkefnið og þeir stærri ansi myndarlega og ON nefndin er afar þakklát fyrir það. Einnig hafa lionsfélagar lagt sitt af mörkum.

Eftirtaldið klúbbar hafa þegar styrkt verkefnið – kærar þakkir.

- Lionsklúbburinn Freyja
- Lionsklúbburinn Múli
- Lionsklúbburinn Skjaldbreiður
- Lionsklúbburinn Ýr
- Lionsklúbburinn Hrærekur
- Lionsklúbburinn Kaldá
- Lionsklúbbur Hafnarfjarðar
- Lionsklúbburinn Hængur
- Lionsklúbburinn Engey
- Lionsklúbburinn Sunna
- Lionsklúbburinn Harpa
- Lionsklúbburinn Seyla
- Lionsklúbburinn Eden
- Lionsklúbburinn Fold
- Lionsklúbburinn Ylfa

Nánar um Orkester Norden:

Orkester Norden er hvert ár skipuð 40-80 hæfileikaríku ungu tónlistarfólki frá öllum Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Hópurinn hittist og æfir saman sinfóníska tónlist í allt að tvær vikur. Orkester Norden er á allan hátt samnorraent verkefni. Hljóðfæraleikarar, stjórnendur, skipuleggjendur ásamt fjárhagslegum stuðningsaðilum, þar með talin Lionshreyfingin, eru frá Norðurlöndunum.

Að þessi sinni verða hljóðfæraleikarnir 45. Meðal þeirra eru Þrír ungir íslenskir hljóðfæraleikarar leika með hljómsveitinni að



þessu sinni. Hanna Kristín Stefánsdóttir og Helga Björg Kjartansdóttir violu leikarari og Karen Jóna Steinarsdóttir flautuleikari.

Björg Brjánsdóttir, flautuleikari, verður verður leiðbeinandi tréblásaranna í Orkester Norden í sumar og Ragnheiður Ingunn Jónsdóttir, nýútskrifuð úr námi í hljómsveitarstjórn úr Tónlistarháskólanum Oslo verður aðstoðarhljómsveitarstjóri. Jan Söderblom hljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Finnsku kammersveitarinnar verður aðalhljómsveitarstjóri. Frekari upplýsingar má fá hér <https://www.orkesternorden.com/>

Þetta er einstakt verkefni í sögu Lions á Íslandi og í ljósi þess vonumst við til að Lionsklúbbar og félagar leggi því lið.

Leggja má inn á eftirfarandi reikning og merkja Orkester Norden.

0544 14 554053

kt.: 640572-0869

F.h. Orkester Norden nefndarinnar
Anna Fr. Blöndal

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Lionsklúbburinn Eldey – stofnskrárhátíð

Það er ekki á hverjum degi sem lionsklúbbur er stofnaður á Íslandi en það gerðist 21. maí síðastliðinn þegar Lionsklúbburinn Eldey í Sandgerði var stofnaður sem er kvennaklúbbur og er móðurklúbbur hans Lionsklúbbur Sandgerðis. Að sögn Hrafnhildar Bjarnardóttur þá byrjaði þetta allt á því að eiginkonur félaga í Lionsklúbb Sandgerðis fóru að sýna því áhuga að stofna kvennaklúbb. Kristófer Guðmundsson formaður Lkl. Sandgerðis fylgdi svo þessu eftir og vann að miklum heilindum að stofnun þessa klúbbs sérstaklega eftir að A.P. Singh

alþjóðaforseti Lions kom í heimsókn til Sandgerðis árið 2025 en hann tjáði þeim að búið væri að gera undantekningu á Íslandi (tilraunaverkefni) og nú mætti tímabundið stofna klúbba með 10 félögum að lágmarki en áður var það 20 félagar. Í framhaldinu voru síðan haldnir kynningarfundir og þegar upp var staðir voru félagskonur orðnar 13 talsins. Hér má sjá nokkrar myndir sem undirritaður tók að þessu tilefni og óska ég nýstofnuðum klúbb til hamingju og velfarnaðar á komandi árum.

Porkell Cýrusson



Þakkir að þingi loknu



Dagana 29.-30. maí var 71. þing Lionsumdæmis 109 haldið á Laugarvatni og tókst vel til. Þingið var fjölsótt og kraftmikið. Þar sýndu lionsfélagar af landinu öllu þann styrk og það mannval sem hreyfingin býr yfir á Íslandi. Öll vinnum við að sama marki; að koma góðu til leiðar heima og heiman.

Við félagar í klúbbunum fjórum í Uppsveitum Árnessýslu viljum þakka sérstaklega öllum þeim sem sóttu þingið og komu að tilurð þess innilega fyrir. Mörg þurfa að leggja mikið á sig til að vel til takist. Fjöldi félaga í Skjaldbreið, Lionsklúbbi Laugardals, Geysi og Dynk komu að verkinu og eiga þeir heiður skilið fyrir mikið og fórnfúst starf.

Sérstaklega þó viljum við þakka ykkur fyrir komuna í Uppsveitirnar félagar góðir af landinu öllu. Þátttaka ykkar í þingstörfum og mæting á Laugarvatn er mikils metin og gefur okkur byr í seglin.

Í tilefni af þinginu var að venju gefið út þingblað þar sem, auk upplýsinga um þingið, er að finna fróðleik um svæðið. Þar er af nægu að taka og rétt af nefna greinar góðar um Laugardalinn fagra, Skálholt, Þjórsárdal og Laugarás.

Auglýsingasöfnun í blaðið gekk vonum framár og skilaði góðum afgangi til þingsins. Blaðinu dreifum við félagarnir sjálfir á öll heimili í sveitarfélögunum fjórum á svæðinu. Þannig notum við tækifærið og útgáfuna til þess að kynna hið góða starf Lions.

Í kjölfar þingsins er ekki annað en hægt að vera bjartsýnn á framtíð Lionshreyfingarinnar. Til að okkur takist að byggja upp, fjölga félögum og safna liði þurfum við að ganga samhent til framtíðar. Megi þingið á Laugarvatni m.a. verða til þess að bjart verði yfir Lionshreyfingunni á Íslandi um ókomna framtíð.

Fyrir hönd félaga í Lionsklúbbi Laugardals, Geysi og Skjaldbreið og Dynk, Björgvin G. Sigurðsson.

Fréttir frá Lionsklúbbnum Úu Mosfellsbæ



Geiturnar á Háfelli fá athygli.



Guðrún Jóna Bragadóttir með erindi.



Heimsókn á Háfelli.



Plokkað við Hlégarð.



Sameiginlegur fundur hjá Úumo g Eik.



Heimsókn á Textílbarinn.



Kaffi Kyrrð.



Lionsþing á Laugarvatni.



Nýir félagar með formanni og meðmælendum.

Seinni hluti starfsársins hefur liðið hratt og margt gert bæði félögum til skemmtunar og gagns. Formlegir fundir eru fyrsta mánudag í mánuði og síðan eru óformlegur fundur á milli. Á janúarfundinn mætti Hrafnkell Óskarsson og ræddi um hamingjuna. Um möjjan janúar var farið á Textílbarinn en þar er endurunnið og endurhannað úr notuðum eða nýjum textíl til að gera hann aðgengilegan fyrir aðra.

Febrúarfundurinn var sameiginlegur fundur okkar í Úu og Eik í Garðabæ þar sem klúbbfélagar kynntu starfseminu og síðameistarar létu í sér heyra. Alltaf gaman að hitta félagi í öðrum klúbbum og skiptast á skoðunum. Guðrún Jóna Bragadóttir næringafræðingur mætti á marsfundinn og Sigríður Friðriksdóttir varaumdæmisstjóri kom á aprílfundinn með gott erindi.

Í umhverfisviku Lionshreyfingarinnar sem bar upp á svipaðan tíma og hreinsunarkviku í Mosfellsbæ og stóra plokkgdaginn 26. apríl, tóku félagar í Úunum sig til og plokkuðu kringum Hlégarð og var af nógu að taka.

Á lokafundinum voru teknir inn þrjú nýir félagar, það eru Áslaug Pétursdóttir, Erla Jóna Steingrimsdóttir og Sigurlína Jóhannsdóttir. Þá

var formaðurinn Sína Þorleif Þórðardóttir gerð að Melvin Jones félagi fyrir vel unnin störf. Einnig voru skýrslur stjórnar og nefnda fluttar.

Um miðjan maí var farið í vorferðina og leiðin lá um sveitir Borgarfjarðar. Byrjað á Akranesi á flóamarkaði og versluninni Bjarg þar sem var tekið vel á móti okkur. Geitabúið á Háfelli heimsótt en þar var starfsemin kynnt og geitunum klappað. Á Kaffi Kyrrð settumst við inn í kaffisopa og tókum lagið. Lokapunkturinn var í Hraunsnefi þar sem matur var borinn fram en þar er mikið lagt upp úr sjálfbærni.

Á lionsþingið á Laugarvatni mættu fjórir félagar og var þingið vel heppnað í alla staði og er sjálfsgagt sagt frá því annars staðar í blaðinu.



Með sumarkveðju
Kristín Davíðsdóttir



Júní – myndasíða

■ Bryndís Ragnarsdóttir

■ Haraldur Árni Haraldsson



Úrdráttur úr sögu Hængsmótanna – Lionsklúbburinn Hængur



➤ **Fyrsta Hængsmótið var haldið laugardaginn 19. mars 1983**

➤ **Keppendur voru 46 frá fjórum félögum:**

ÍFA (Akri), ÍFR, Eik (Sólborg) og Grósku (Sólheimum í Grimsnesi.

Mótsstjóri var Magnús Ólafsson sjúkrahjálfari

Yfirdómari Þröstur Guðjónsson íþróttakennari

➤ **Kept var í fjórum greinum:**

Boccía, Lyftingum, Borðtennis og Bogfimi

Lionsklúbburinn Hængur var stofnaður 6. mars 1973 af 23 ungum mönnum á Akureyri. Árinu seinna er stofnað Íþróttafélag fatlaðra á Akureyri, Í. F. A., sem síðar fékk svo nafnið Akur. Engin tengsl voru á milli þessara félaga þá, en það átti svo sannarlega eftir að breytast.

Þeir ungu menn sem komu til liðs við Hæng á þessum tíma og reyndar allar götur síðan hafa margir hverjir í þó nokkrum mæli verið tengdir íþróttahreyfingunni á einhvern hátt, þetta varð að sjálfsögðu til þess að umræða um íþróttir meðal klúbbfélaga var þó nokkur og fljótlega var farið að gefa þessu litla íþróttafélagi fatlaðra gaum.

Í október 1978 gekk í Hæng ásamt fleirum, Snæbjörn nokkur Þórðarson, hann var vel þekktur innan íþróttageirans sem afburðar íþróttamaður, en þar sem hann hafði slasast illa og misst við það fót keppti hann fyrir Í. F. A. Snæbjörn átti síðan eftir að verða formaður Í. F. A. Með komu Snæbjarnar í klúbbinn leiddi það af sjálfu sér að aukinn áhugi og stuðningur Hængs við íþróttir fatlaðra var kominn til að vera. Oftar en ekki var rætt um þann möguleika að koma upp móti fyrir hreyfi hamlað íþróttafólk en af framkvæmdum ekki orðið.

Það var síðan haustið 1982 að Snæbjörn, sem þá var orðinn formaður Í. F. A., sagði á klúbbfundi að fyrirspurn hefði komið frá Íþróttasambandi fatlaðra hvort íþróttafélag fatlaðra á Akureyri gæti staðið fyrir opnu íþróttamóti síðla vetrar. Þar sem íþróttamót fyrir fatlaða krefjast að öllu jöfnu margra starfsmanna, datt honum í hug að leita eftir því við Hæng,

hvort félögin gætu ekki sameinast um að halda slíkt mót. Hugmyndin var í beinu framhaldi af þeirri umræðu sem uppi hafði verið innan klúbbsins og var þetta því samþykkt snarlega.

Hængsfélagar tóku því til við að kynna sér íþróttir fatlaðra fyrir alvöru, bæði til að geta staðið fyrir móti og ekki síður til að geta dæmt í þeim greinum sem keppt yrði í, en þær voru valdar; boccía, bogfimi, borðtennis og lyftingar. Fljótlega eftir að undirbúningur fór af stað varð ljóst að keppendur yrðu á milli 40 og 50 og því dygði ekkert minna en hin nýja og glæsilega íþróttahöll Akureyringa.

Stjórni Í. F. A. lagði til nafn á barnið; Hængsmótið skyldi það heita vegna hins mikla velvilja og áhuga félaga í Lionsklúbbum Hæng. Markmið mótsins voru og einnig kunngerð og voru þau "að Hængsmót sé hugsað sem mót þar sem allir fengju að taka þátt og það, að vera með, væri stærsti og sætasti sigurinn." Þetta hefur svo sannarlega gengið eftir.

Þriðja mótið féll saman við Íslandsmót fatlaðra, sem Hængur og Í. F. A. tóku að sér að sjá um og var haldið dagana 20. og 21. apríl 1985. Á þessu móti var keppt í 10 íþróttagreinum og í mörgum þeirra í fleiri en einni t.d. í hlaupum voru 100 m; 200 m; 400 m; og 800 metrar og einnig voru margir flokkar í hverri grein. Eftir þetta mót, sem var miklu stærra og umfangsmeira en Hængsfélaga nokkurn tímann grunaði, var ekki aftur snúið af þessari braut, hér eftir var ekkert sem þeir treystu sér ekki í á þessum vettvangi.



Tíunda Hængsmótið var haldið dagana 1. og 2. maí 1992 og skráðir keppendur voru nú orðnir 118. Mótið fékk nú sitt eigið merki, teiknað af Gunnlaugi Björnssyni, og sýnir hann Hæng litla Hængsson brasa við allar fjórar mótsgreinarnar. Klúbburinn gaf til mótsins í tilefni afmælisins, 10 farandbikara þannig að keppt var um bikar í hverri grein, en auk þess gaf Íslenskur skinnaiðnaður veglegan stigabikar til mótsins.

Ellefta mótið var haldið 30. apríl og 1. maí 1993. Keppendur komu nú frá 13 félögum, sem er algjört met og voru skráðir til keppni 190 sem einnig er þátttökumet á Hængsmóti. Þá bar svo við að Hængur litli Hængsson steig ljóslifandi fram á gólf Íþróttahallarinnar við mótssætninguna og heilsaði upp á keppendur og gesti við mikinn fögnuð. Hinn góðkunnni leikari Aðalsteinn Bergdal sá um túlkun á Hæng litla.

Tuttugasta Hængsmótið sem var afmælistót í öllum hefðbundnum Hængsmótsgreinum var auk þess Íslandsmót í sveitakeppni í Boccía. Mótið er haldið dagana 3. og 4. maí 2002 í Íþróttahöllinni að vanda. Skráðir keppendur höfðu aldrei verið fleiri í sögu Hængsmótsins eða 310 keppendur frá 18 félögum. Lokahóf Hængsmótsins var síðan á laugardagskvöldið, glæsilegra en nokkru sinni og veislugestir vel á fimmta hundraðið, og þurfti á öllum sal hallarinnar að halda undir samkvæmið.

Margir góðir gestir mættu á hófið t.d. verðandi fjöllumdæmisstjóri Lions Pálmi Hannesson, bæjarstjórinn á Akureyri Kristján Þór Júlíusson og formaður Í.F. Sveinn Áki Lúðvíksson en hápunktur kvöldsins var þó þegar heiðursgestur og jafnframt leynigestur kvöldsins gekk í salinn, sjálfur forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson ásamt heitkonu sinn Dorrit Moussaieff.

Þeim fer fækkandi sem taka þátt í Hængsmótunum og nú í vor voru keppendur aðeins 136 frá 10 félögum. Ferðakostnaður ræður þar mestu. Það mætti beina því til Lionsfélaga á Ísafirði, Vestmannaeyjum og á fleiri stöðum að bjóða fram aðstoð til fatlaðs fólks í sínum samfélögum þannig að þau geti sótt Hængsmótin.

Á Hængsmótinu 2024 afhentu Hængsfélagar, skammtímavistun fatlaðra barna á Akureyri sérútbúna rafmagnsbifreið.

Þessi bifreið leysir af hólmi bíl sem afhent hafði verið árið 2006 sem árangur af rauðufjaðrar söfnum og var því kominn tími á endurnýjun.

Þetta framlag er það stærsta sem Hængsfélagar hafa staðið að.

Arni V. Friðriksson formaður Hængs 2025 - 2026



Lions Clubs International
FOUNDATION

Reikningsnúmer vegna framlaga til Alþjóðahjálparsjóðsins:

0516 -26-7722, kt. 640572-0869

Verðandi umdæmisstjóri 109 A

Einar Hilmarsson,

Lkl. Laugardal

DGE 109A



Kæru lionsfélagar

Ég þakka kærlega fyrir það traust sem þið sýnið mér með því að kjósa mig í embætti umdæmisstjóra í umdæmi 109 A fyrir næsta starfsár.

Það er mér afar kært að það skuli hafa verið að Laugarvatni sem ég var kosinn í þetta embætti. Þar ólst ég upp og kynntist Lionshreyfingunni strax ungur að árum, en Lionsklúbbur Laugardals var stofnaður 1972 og faðir minn, Hilmar Einarsson, einn stofnfélaga hans. Ég þakka félögum í Lionsklúbbunum Dynk,

Geysi, Laugardals, Skjaldbreið og öðrum lionsfélögum sem undirbjuggu og störfuðu á þinginu kærlega fyrir alla þá vinnu sem þau lögðu á sig til að gera þingið að Laugarvatni að veruleika en það var afar skemmtilegt og vel heppnað.

Síðustu 2 ár hef ég starfað sem 2. og síðan 1. varaumdæmisstjóri. Þessi ár eru búin að vera afar skemmtileg, ýmsar áskoranir eins og ég átti von á, en það sem hefur hjálpað mér mikið á þessari vegferð eru þið öll. Því í okkur saman býr gríðarlega mikil reynsla úr öllum áttum og gott að geta leitað í reynslubanka ykkar þegar á þarf að halda.

Tengt því vil ég segja að eitt það skemmtilegasta sem fellur undir umdæmisstjórarstarfið er að fá að heimsækja klúbba, hitta fólkið sem í þeim starfar, kynnst nýju fólki og sjá það góða og fjölbreytta starf sem er í gangi út um allt umdæmið. Ég er afar þakklátur fyrir þær góðu móttökur sem ég hef fengið alstaðar og hlakka mikið til að fá að halda þessum heimsóknum áfram á komandi starfsári.

Sem sjálfbodaðisamtök stöndum við þó frammi fyrir töluverðri áskorun, en afar erfitt hefur reynst víða að ná inn nýju fólki á meðan við eru af ýmsum ástæðum að missa út fólk. Það er okkar allra að snúa vörn í sókn, gera fundina og starfið hjá okkur skemmtilegra og meira aðlaðandi fyrir fólk á öllum aldri. Þannig náum við mögulega betur að halda í þá félaga sem þegar hafa gengið til liðs við Lions. Við

þurfum líka að vera dugleg að bjóða fólki á fundi og í starfið hjá okkur.

Hluti af markmiðum mínu fyrir næsta starfsár er að við náum að stofna nýjan Lionsklúbb í Rangárvallasýslu, en þar hefur enginn klúbbur verið starfandi síðustu tvö starfsár. Til að það verði að veruleika mun þurfa sameiginlegt átak okkar allra því í okkar stóra hóp eru örugglega einhverjir sem geta komið á tengingu við íbúa í Rangárvallasýslu sem tilbúnir eru að koma að stofnun nýs klúbbs þar. Ef þið getið aðstoðað við að koma á tengslum þá væri það afar vel þegið.

Gleðifréttirnar eru að nú er búið að stofna nýjan kvennaklúbb í Sandgerði, Eldey, óska ég þeim til hamingju og býð þær hjartanlega velkomnar í hreyfinguna.

Ég þakka fráfarandi umdæmisstjóra Thelmu Rós Kristinsdóttir og öðrum þeim sem starfað hafa fyrir umdæmið þetta starfsár fyrir vel unnin störf. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem tekið hafa að sér störf fyrir umdæmið næsta starfsár. Við sem saman störfum í umdæmisstjórn á næsta starfsári munum reyna eftir besta megni að vera ykkur öllum innan handar og aðstoða eftir bestu getu sé þess óskað.

Við munum halda áfram ásamt ykkur að gera lionsstarfið skemmtilegra og förung bjartsýn inn í næsta starfsár.

Takk fyrir mig og áfram Lions.

Lionsklúbburinn Eir

Starfi vetrarins hjá Lionsklúbbnum Eir lauk með gróðursetningarferð 26. maí í lundinn okkar sem er staðsettur í Lækjarbotnum. Við settum niður skilti með heitinu Eirarlundur og er það bæði merkt með lógói Lionsklúbbsins Eirar sem og Lions merkinu.

Lundinn fengum við á sínum tíma hjá Skógræktarfélagi Kópavogs. Kristinn H. Þorsteinsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins hefur aðstoðað okkur í gegnum árin við að skipuleggja hvar vænlegast er að gróðursetja hinar ýmsu plöntur. Auk þess sem hann hefur útvegað okkur plöntur og núna síðast nestisbekk sem hann var búinn að setja í Eirarlundinn.

Mættar voru hressar félagskonur með börn og maka og frábærum Víðarrsfélaga sem hefur aðstoðað okkur síðastliðin ár.

Mjög vel gekk að gróðursetja þrátt fyrir kalsa veður og yndislegt var að setjast og borða nestið okkar í lok dagsins. Nú vonum við að plönturnar dafni vel og að nýja skiltið verði til að vekja athygli á fjölbreyttu starfi Lions hreyfingarinnar.



Bestu kveðjur frá Lionsklúbbnum Eir

Helga Lára formaður,
Herdís verðandi formaður
Ólafía Jóna (Lóa) verðandi ritari.



Lionsklúbburinn Engey



Barnabörnin hjálpa til á þorrablóti með bros á vör.



Heimsókn í verslun Blue Lagoon í Kringlunni.



Veisluborð í Skógarbæ.



Dömubindi þrjónuð fyrir stúlkur í Afríku.



Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, tekur á móti þrjónafatnaði og peningaupphæð.



Sýnishorn af lopapeysum sem félagar hafa þrjónað.



Varaumdæmisstjóri og svæðisstjóri afhenda félögum viðurkenningar fyrir mislanga vöru í klúbbnum.



Erna Magnúsdóttir, framkvæmdastýra Ljóssins, veitir gjafabréfi viðtöku.

Starfið í Lionsklúbbnum Engey hefur verið býsna hefðbundið á árinu. Ýmis samtök voru styrkt s.s. Hjálparstarf kirkjunnar, Ljósið og Alþjóðahjálparsjóðurinn. Þorrablót var haldið og farið í árlega heimsókn í Skógarbæ. Félagfundir voru níu og góðir gestir komu á nokkra þeirra. Eins og áður voru þrjónafundir þá mánudaga sem ekki voru félagsfundir. Á þrjónafundunum voru m.a. þrjónuð dömubindi handa stúlkum í Afríku, lopapeysur og margs konar barnafatnaður. Ýmislegt fleira var sér til

gamans gert. Jólafundur var haldinn að venju í heimahúsi og verslun Blue Lagoon í Kringlunni heimsótt fyrir tilstilli eins barnabarns félaga. Formlegu starfi klúbbsins lauk með hátíðarkvöldverði á heimili Alberts Eiríkssonar og Bergþórs Pálssonar. Kvöldið var einkar ánægjulegt í alla staði, fyrirtaks veitingar og skemmtun.

Viðburðarríkt starfsár Fjörgynjar



J.P. Singh alþjóðaforsæti með félögum í Fjörgyn og Fold.



Guðmundur Helgi mælir blóðsykur hjá Sangeeta Jatia.



MC Gauti og Þór Steinarrson formaður tónleikanefndar Fjörgynar kátir að loknum tónleikum.

Stærsta verkefni ársins voru árlegir stór-tónleikar í Grafarvogskirkju. Fjöldi gesta vel á fimmta hundrað og meðal flytjenda voru Baggalútur, Guðrún Árný, Dísella Lárusdóttir, Gissur Páll, MC Gauti, Greta Salóme og Kristján Kristjánsson, KK. Önnur reglubundin verkefni voru blóðsykursmælingar í samstarfi við Lionsklúbbinn Fold (mældir vel á sjöundahundrað einstaklingar) og matargjafir á jólaföstu.

Á félagsfundum voru fjölmörg fróðleg erindi. Axel Birgisson sérfræðingur hjá Landsvirkjun fjallaði um uppbyggingu vindorkuvers við Vaðöldu.

Póroddur Þóroddsson jarðfræðingur flutti erindi þar sem stiklað var á stóru í jarðfræði Íslands.

Gunnar Stefánsson, Prófessor emeritus við HÍ, sagði frá góðgerðarverkefninu Broskallar (Education in a Suitcase), sem hefur það markmið að hjálpa ungu fólki á fátækum svæðum í Afríku að komast til náms og undirbúa sig fyrir háskóla. Fjörgyn veitir í ár 325.000,- kr styrk í þetta verkefni. Þetta er þriðja árið í röð sem Fjörgyn styrkir Broskallaverkefnið.



Starfsemin í Kenía fer fram í gegnum verkefnið „Menntun í ferðatösku“ en það inniheldur spjaldtölvur fyrir nemendur og þjón (server) sem geymir námsefni tutor-web. Það er ekki síst hugsað fyrir framhalds- og háskóla þar sem netaðgangur er takmarkaður og rafmagn óstöðugt. „Styrktarfélagið gaf upphaflega spjaldtölvur í skóla og veitti þannig nemendum aðgang að kennsluefni í kennslu-kerfinu tutor-web, en þar er m.a. að finna æfingar í námsefni til stúdentsprófs í Kenía.



Gunnar Ólafsson flutti erindi um sjóskaða breskra togara við Ísland.

Jón Einar Jónsson forstöðumaður Háskóla-setursins í Stykkishólmi flutti fróðlegt erindi um haförnninn.

Farnar voru nokkrar vettvangsferðir m.a. heimsókn í nýtt húsnæði hjálparveitar skáta Kópavogi þar sem við fengum fræðslu um starfsemi og sögu sveitarinnar.



Úr heimsókn í HSSK. Andrés Freyr vararitari Fjörgynjar.

Einnig fórum við í Ástjarnarkirkju í Hafnarfirði. Skoðuðum m.a. altari, predikunarstól og fl. sem meistari Tómas Bergþór félagi okkar smíðaði. Tómas fékk nýlega viðurkenningu frá Félagi iðnaðarmanna sem iðnaðarmaður ársins.



Úr ferð í sóknarheimili Ástjarnarkirkju. Tómas Bergþór með viðurkenningu frá Félagi iðnaðarmanna sem iðnaðarmaður ársins 2025.

Í hverjum mánuði eru léttfundir t.d. farið á Bogfimisetrið, snæddur lundi í boði eins klúbbfélaga, spilað páskabingó, farið í keilu, spilað pool o.fl.



Séð yfir bingósalinn. Pizzur að loknu bingói.

Við heiðruðum fyrrum félag okkar Friðrik Málbergsson með gullmerki Kjarans-orðunnar. Hann vann mikið að málefnum BUGL. Margvíslegur stuðningur við BUGL m.a. í formi húsgagna í legudeild, lagfæring á billjardborði, rafrænt pílukastspjald o.fl.



Félagar í Fjörgyn við BYD rafmagnsbifreið sem klúbburinn færði BUGL.



Frá afhendingu gjafa til Vigfúsarstofu. Séra Arna Ýr Sigurðardóttir sóknarprestur og Jakob Gunnarsson formaður Fjörgynjar.

Meðal annarra verkefni var t.d. stuðningur við Fríðuhús í Grafarvogi sem er dagvistun á vegum Alzheimersamtakanna, færðum Fríðuhúsi þvottavél, útistóla og borð. Ljósíð fær styrk til tækjakaupa að upphæð 500.000,.

Í Grafarvogskirkju hefur verið sett upp Vigfúsarstofa til minningar um séra Vigfús Þór Árnason sem var fyrsti sóknarprestur Grafarvogssóknar, en Vigfús var jafnframt stofnfélagi í Lionsklúbbum Fjörgyn. Af því tilefni færði

stjórn Fjörgynjar Vigfúsarstofu bókagjöf og peningagjöf í ungmennastarf kirkjunnar.

Lionsklúbburinn Eik



Nýlega fjölmenntu félagarnir í Lionsklúbbum Eik í Ísafold hjúkrunarheimilið.

Í fundi Lk. Eikar í marsmánuði samþykkti klúbburinn að kaupa glæsilegan nuddstól sem ætlaður er fyrir heimilisfólkið á 2. hæðinni á Ísafold.

Stóll sem er búinn er fullkominni nuddtækni og getur stuðlað að bættri líðan heimilisfólksins. En klúbburinn færði heimilinu annan svona stól á síðasta ári og er sá stóll á 3. hæðinni. Jafnframt var samþykkt að kaupa spjaldtölvur og búnað þeim tengdum til notkunar fyrir heimilisfólkið á Ísafold. Eitt af markmiðum með tölvunotkuninni er að

draga úr félagslegri einangrun. Núna var svo komið að því að afhenda gjafirnar formlega til heimilisins. Hjördís Sigurðardóttir varaformaður og Laufey Jóhannsdóttir formaður verkefnanefndar afhentu gjafirnar. Það voru Sara Pálmadóttir forstöðumaður Hrafnistu Ísafoldar og Rannveig Albína Norðdahl

Hjúkrunardeildarstjóri Hrafnistu Ísafold sem veitt gjöfunum viðtöku. Það voru kátir og hressir félagar sem fengu svo tækifæri til þess að skoða heimilið og skoða eitt af nýju herbergjunum sem verið er að standsetja á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ.

Lionsklúbbur Akraness



2. apríl átti Lionsklúbbur Akranes 70 ára afmæli og var af því tilefni ákveðið að fara ferð til Krakow í Póllandi. mVið vorum 20 félagar og makar er lögðu af stað frá Akranesi kl.15.30 áleiðis til Keflavíkurflugvallar. Lagt var af stað með flugi frá Keflavík klukkan 19.00 22. apríl og lent í Katowice Póllandi kl,01.00 aðfaranótt 23. apríl. Þaðan var keyrt í rútu til Krakow og var komið á hótél kl.03.00 um nóttina og voru allir fegnir að geta farið að sofa eftir langt ferðalag. Hótelið er staðsett í miðborg Krakow og var aðbúnaður mjög góður.

Daginn eftir fengum við leiðsögn um Wavel kastala í Krakow sem skipar mikinn sess í sögu Póllands hefur hýst kónaga og aðra leiðtoga Póllands í gegnum aldirnar, en Krakow var eitt sinn höfuðborg Póllands.

Föstudaginn 24 apríl var á dagskrá að heimsækja Auschwitz Birkenau útrýmingarbúðirnar og var það áhrifamikil heimsókn er lét engan ósnortin.

Á laugardaginn var farið með leiðsögn heimsókn í Postulínsverksmiðju Schindlers og rölt um gettóid í Krakow þar sem Gyðingarnir voru lokaðar inni og enduðu síðan flestir í útrýmingarbúðum. Postulínsverksmiðjan

hýsir núna safn um hernám Þjóðverja frá 1939-1944 og er það áhrifamikið að sjá hvernig var umhorfs í Krakow á þessum árum.

Einnig var áhrifavert að rölt um göturnar er gettóid var staðsett og er enn hægt sjá merki þess.

Á laugardagskvöldinu snæddum við hátíðarkvöld í tilefni afmælis klúbbsins.

Lagt var af stað frá hótelinu heim á leið klukkan10 um morguninn og sama leið til baka rúta til Katowice og flogið þaðan kl. 14.00 . Lent í Keflavík kl. 17.00 að íslenskum tíma en 2 tíma munur er á milli Íslands og Póllands.

Við nutum fráberrar leiðsagnar í Póllandi en sami aðili sá um að koma okkur frá flugvællinum og þangað aftur og alla leiðsögn í Póllandi. Allir voru ánægðir með þessa ferð og fannst tilkomu mikið að heimsækja Pólland og eru spennit fyrir að fara aðra ferð eins fljótt og hægt er.

Guðjón Viðar Guðjónsson formaður Lionsklúbbs Akranes.

40 ára afmæli Lkl Kaldá

Lionsklúbburinn Kaldá hélt upp á 40 ára afmæli 20. febrúar s.l. með Lveglegru afmælishátíð sem jafnframt var fjáröflun. Hátíðin var vel sótt og skemmtileg enda frábær veislustjóri, góður matur og í lokin var sungið og dansað með topp trúbador.

Auk þess var happdrætti og listmunauppböð. Hátíðin þótti takast með afbrigðum vel og ágóðinn 1 milljón króna fór í styrk til Ljóssins.

Lionskonur þakka þeim fjölmörgu sem styrktu klúbbinn í þessu verkefni.

Við tókum þátt í Umhverfisvaktinni hér í Hafnarfirði og „Plokkuðum“ Norðurbæinn og framundan er afmælisferð til Færeyja. Þar sem við munum hitta Lionsfélaga og skemmta okkur saman.

Jórunn Jörundsóttir.



Lionsklúbburinn Víðarr

Melvin Jones

Lokafundur klúbbsins var með hefðbundnum hætti stjórnarskipti þar sem Skarphéðinn Bergmann formaður, Reynir Tómas Geirsson ritari og Aðalsteinn Hjartarson gjaldkeri létu af embættum og Þorkell Cýrusson tók við formennsku, Kristinn Hjaltalín við ritarastarfinu og Sigurður Jónsson tók við gjaldkerastarfinu. Mökum var boðið til þessa fundar og var mæting afar góð. Það sem stóð upp úr var að 10 félagar í klúbbum voru gerðir að Melvin Jones félögum og eru nú allir félagar sem hafa verið í klúbbum í meira en þrjú ár Melvin Jones félagar. Einn nýr félagi var líka tekinn inn í klúbbin. Alrún María Skarphéðinsdóttir,

dóttir formannsins spilaði tvö klassísk lög á píanó fyrir fundargesti. Fundurinn vel heppnaður í allastaði.

Vorferð til Vestmannaeyja

Laugardaginn 6. júní fór klúbburinn í dagsferð ásamt mökum til Vestmannaeyja undir styrki leiðsögn Kára Jónassonar fréttamanns. Ekið til Landeyjarhafnar og siglt til Eyja í blíðskaparveðri. Farið var um Heimaey á ýmsa þekktastaði og fræðst um söguna m.a. um eldgosíð 1973 ásamt fleiru. Ferðin endaði svo með heimsókn í Eldheima safn um sögu eldgossins í Heimaey og Surtseyjargosið. 5 félagar úr Lionsklúbbi Vestmannaeyja mættu til okkar og

félagum við kaffi og með því í boði þeirra. Hápunkturinn var svo að klúbburinn veitti Hirti Aðalsteinssyni Kjaransorðuna vegna óbilandi áhuga á að fjölga félögum í klúbbum og hefur hann verið meðmælandi 7 félaga á síðustu árum. Hjörtur hefur einnig sinnt ýmsum embættum innan hreyfingarinnar í gengum tíðina og verið og er hann vel að orðunni kominn.

Heimferðin var eins góð og öll ferðin var.

Þorkell Cýrusson



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Fréttakorn frá Ylfunum á Akureyri.

Nú þegar þessu starfsári er að ljúka er gott að líta til baka. Að venju byrjuðum við starfið í lok ágúst með markaði á Akureyrarvöku. Á þessum markaði, sem við höldum í einu af elstu húsum Akureyrar, erum við með alls konar smávarning sem við stillum upp í bakgarði hússins. Innan dyra er svo kókubasar sem hefur getið sér gott orð meðal bæjarbúa sem margir koma ár eftir ár til að kaupa marengstertur. Markaður númer tvö var svo jólamarkaður. Þessir tveir viðburðir eru fjárflyunarleiðirnar okkar og gefa bara ansi vel að okkar mati.

Starfsemin fór svo á fullt í september. Ég lagði áherslu á það í vetur að efla félagsandann. Meðal þess sem boðið var uppá var t.d. fræðslu-erindi frá Ylfunni Agnesi Blöndal þar sem hún fjallaði um „Hvað gerir ákærvaldið“. Annan fyrirlestur fengum við svo frá Ingibjörgu Guðlaugu Jónsdóttur. Hún stendur á bak við bókaútgáfufélagið Mannkennd sem vinnur að því að auka fjölbreytileika í íslenskum barnabókum með áherslu á sögur um fötlunar- og fjölbreytileika.

Jólafundurinn hefur undanfarin ár verið haldinn heima hjá formanni. Ágætis uppbot og einhvern veginn hátíðlegri en í venjulegum fundarsal. Eftir áramótin hófst svo partið fyrir alvöru. Þorrafundur var í lok janúar þar sem mökum var boðið og þorramatur snæddur án undantekninga. Í febrúar brugðum við okkur í morðgátuleik þar sem Ylfur klæddu sig í búninga í enskum herragarðsstíl og leituðu morðingja sem auðvitað fannst. Á marsfundinum kynntu tvær Ylfur, mæðgurnar Guðrún og Gerður jr, margs konar borðspil. Öll talsvert erfiðari en Ósen, Ólsen. Í apríl kom snyrtifræðingur og fræddi okkur um hvernig við gætum litið enn betur út

Þar sem að Ylfa átti 15 ára afmæli 18. apríl ákváðum við að leggja land undir fót þann dag og sóttum Egilsstaði heim Deginum var varið þar við grín og glens.

Hvað verkefni varðar þá tókum við þátt í blóðsykursmælingum á Glerártorgi með hinum klúbbunum á Akureyri og í Eyjafjarðarsveit.

Við einskorðum okkur við það að styðja börn og ungmenni á Akureyri og nágrenni og þá eingöngu með hlutum sem vantar. Við höfum gefið fót til barna efnalítilla foreldra, barnabílstóla til fatlaðra systra, einnig studdum við krabbameinsveik börn.

Nú er í undirbúningi að færa Geðheilsuteymi barna við HSN (heilsugæslan) góðan pakka af skynörvunardóti og fleira sem það vanhagar um.

Ylfur borga árlega 1000\$ til LCIF og þetta árið studdum við líka Orkester Norden.

Sjú Ylfur sóttu Leiðtogaskóla LIONS.

Stjórn Ylfu afhenti, rúmlega 100 þrjónuð dömubindi fyrir stúlkur í Afríku, á þinginu okkar

Ylfur líta bjartsýnar fram á veginn og vonast til þess að geta aðstoðað þau börn sem á þurfa að halda. Afa tekið þátt í verkefnum

Gerður Jónsdóttir formaður Ylfu



Bindi.



Blóðsykursmælingar.



Akureyrarvoka markaður.



Jólamarkaður.



Júlía gerð að Melvin Jones félagi.



Keramikmálun.



Kertagerð.



Vinkonugjöf.



7 Ylfur sóttu Leiðtogaskólann.

Kveðja frá LCIF teyminu



Lions Clubs International
FOUNDATION

Starfsárið hefur verið fjörugt hjá okkur í Alþjóðahjálparsjóðsteyminu. En hvað er Alþjóðahjálparsjóðurinn – LCIF og hvaða tilgang hefur hann?

Sjóðurinn var stofnaður árið 1968 á 50 ára afmæli Lionsshreyfingarinnar. Í stefnulýsingu sjóðsins segir:

Tilgangur LCIF er að styðja Lionsklúbba, sjálfbóðaliða og samstarfsaðila við að bæta heilsu og vellíðan og styrkja samfélög. Styðja við þá sem þurfa á aðstoð að halda með mannúðarstarfi og styrkjum, sem hafa áhrif á líf fólks á heimsvísu og hvetja til friðar og alþjóðlegs skilnings.

Í stuttu máli þá miðlar sjóðurinn framlögum lionsfélaga, lionsklúbba og samstarfsaðila til þarfra verkefna um allan heim. Með ströngu eftirlitskerfi tryggir sjóðurinn að allt það sem gefið er fari til verkefna en ekki til reksturs. Undanfarin ár hafa árleg framlög úr sjóðnum verið um fimm milljarðar króna.

Til þess að afla slíkra fjármuna þarf mikið kynningarstarf, feta þarf nýjar leiðir í fjáröflun fyrir sjóðinn og stöðugt að upphugsa nýja hluti. Um 75% af framlögum til sjóðsins koma vegna Melvin Jones viðurkenninga, þar fara saman möguleikarnir á að gefa til góðgerðarmála og hrósa fyrir vel unnin störf.

Starfið á Íslandi starfsárið 2025-2026

Teymið hefur haldið opna fundi í netheimum og staðfundum á Akureyri og í Kópavogi. Við höfum skrifað greinar í Lionsblaðið, sent kynningarbréf til félaga og klúbba, mætt á svæðisfundum og nokkra klúbbsfundum. Markmið ársins er að safna að lágmarki kr. 7.500. pr. félag. Við erum með tvær styrkumsóknir í gangi þannig að margt hefur verið gert.

Valgreiðslur

Stofnaðar voru valgreiðslur og sendar í heimabanka lionsfélaga. Fjölmargin hafa greitt nú þegar og treystum við á að allir lionsfélagar greiði kröfurnar og styrki þar með öflugt hjálparstarf sjóðsins.

Þannig er að við höfðum ætlað okkur að vera með fjórar greiðslur á ári, hverja að fjárhæð kr. 2.000.- en í reglum skattayfirvalda segir að lágmarksframlag þurfi að vera kr. 10.000.- á almanaksárinu til að skattaafsláttur virkist. Til að ná lágmarkinu höfum við ákveðið að hækka tvær kröfur af þeim þremur sem eftir eru á þessu ári í kr. 3.000.- Við vonumst til að félagar taki þessu átaki okkar vel og greiði seðlana sem fyrst.

Úkraína

Við höfum undanfarin ár tekið þátt í finnsku umdæmisverkefni sem hófst á því að gefnar voru litlar rafstöðvar til Úkraínu, það verkefni var ekki LCIF verkefni. Undanfarin tvö ár höfum við tekið þátt í að kaupa viðareldavélar og gefið til Úkraínu. Það þarf ekki að orðlengja það að við náðum góðum árangri miðað við höfðatölu. Um mánaðarmótin mars apríl þá var samþykkt þriðja verkefnið til Úkraínu sem að gengur út á kaupa stærri rafstöðvar sem nota á t.d. við opinberar byggingar, s.s. skóla, leikskóla, sjúkrahús og svo framvegis. Söfnunin fór ágætlega af stað en vegna þess hve seint upplýsingar berast frá sjóðnum þá getum við ekki upplýst um framlög okkar til verkefnisins á þessari stundu.

Ekki hika við að hafa samband ef við getum aðstoðað eitthvað í sambandi við framlög til LCIF eða við umsókn um styrki þaðan.

Með lionskveðju

Anna Fr. Blöndal
Björn Guðmundsson
Geirþrúður F. Bogadóttir

annabl@simnet.is
bjorn@byggd.is
gfb@ismennt.is



Lions Clubs International
FOUNDATION

Kæru félagar
Í reglum ríkisskattstjóra um skattaafslátt vegna framlaga til almannaheillafélaga, segir að framlög þurfi að vera að lágmarki kr. 10.000.- á almanaksárinu. Við munum því hækka tvær valgreiðslur af þeim þremur sem eftir eru á þessu almanaksári í kr. 3.000.- og vonumst til að sem flestir leggist á áramnar með okkur og styðji sjóðinn!

Með Lionskveðju

Anna Fr. Blöndal
Björn Guðmundsson
Geirþrúður F. Bogadóttir

annabl@simnet.is
bjorn@byggd.is
gfb@ismennt.is